

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík
hafskipulag@skipulag.is



Reykjavík 4. október 2022

SAF – Samtök ferðaþjónustunnar, hér eftir nefnd samtökin, vilja koma með eftirfarandi athugasemdir við Strandsvæðisskipulag á Vest- og Austfjörðum sem birtist á vefsíðu Hafskipulags.

Strandsvæðisskipulag er skipulagsáætlun fyrir afmarkað svæði á fjörðum og flóum utan staðarmarka sveitarfélaga þar sem sett er fram stefna og ákvarðanir stjórnvalda um framtíðarnýtingu og vernd svæðisins.

Samtökin vilja benda á að þegar það er verið að skipuleggja strandsvæði þá eiga stjórnvöld að fara varlega þegar kemur að því að leyfa nýtingu svæða til starfsemi sem hefur neikvæð áhrif á náttúru og umhverfi, svo sem fiskeldi, skeldýrarækt, haugsetningu, efnistöku, vegum sem þvera firði, orkuframleiðslu o.fl.

Það þarf að horfa á skipulag svæða til langs tíma og gæta að verndun umhverfis og náttúru, sérstaklega á stöðum eins og í Aðalvík og Jökulfjörðum. Þar vilja samtökin taka fram að það eigi aldrei að leyfa starfsemi sem hefur neikvæð áhrif á umhverfið, þ.m.t. upplifun ferðamanna af víðerni og óbyggðum, kyrrð, dýralíf og óspillta náttúru. Í reynd ætti að gera hafsvæði Aðalvíkur og Jökulfjarða að friðlandi líkt og Hornstrandir eru. Í reynd ætti að skoða það alvarlega að gera allt svæðið, hafsvæðið með, að þjóðgarði.

Þegar drögin eru skoðuð vekur það áhyggjur samtakanna hvað nýtingarsvæðin eru mörg á báðum svæðum. Til að mynda á Austfjörðum þá er nánast búið að skipuleggja nýtingarsvæði í hverjum firði. Fimm staðir í Reyðarfirði, þrjú staðir í Fáskrúðsfirði og svo í Stöðvarfirði svo eitthvað sé nefnt. Enn vekur það áhyggjur samtakanna að fiskeldi skuli vera svar við öllu, þegar kemur að atvinnuþróun á Vest- og Austfjörðum. Það vekur svo sérstakar áhyggjur hvað svæðin eru mörg og stór á Vestfjörðum.

Að mati samtakanna ætti að huga að atvinnustarfsemi taki tillit til náttúru, landslags, sögu og menningar með það að markmiði að hafa ekki of neikvæð áhrif á svæðið. Horfa þarf lengra inn í framtíðina þegar kemur að atvinnuþróun.

Þá sakna samtökin þess að svo virðist ekki gert ráð fyrir að það séu ákveðin svæði skipulögð út frá afþreyingu eingöngu þar sem veiðar með stórvirkum veiðarfærum í atvinnuskyni eru útilokaðar.


Þá taka samtökin fram að þau áskilja sér rétt til að koma með frekari umsögn á síðari stigum og eru reiðubúin að taka þátt allri umræðu um mótun stefnunnar

Virðingarfyllst

F.h. Samtaka ferðapjónustunnar



Baldur Sigmundsson, lögfræðingur



Ágúst Elvar Bjarnason, verkefnastjóri